

Greining snjóflóða með innhljóðsmælingum - Uppsetning og fyrstu prófanir. Harpa Grímsdóttir, Veðurstofu Íslands. – Júní 2018.

Þetta verkefni gengur út á að setja upp fylki svokallaðra innhljóðsmæla (drunumæla), en þeir mæla hljóðbylgjur í andrúmslofti, yfirleitt með lága tíðni, og nýta þá til að greina bylgjur frá snjóflóðum. Þannig má fá upplýsingar um snjóflóð í rauntíma, sem eru mikilvæg gögn fyrir snjóflóðavöktun.

Sett var upp mælafylki á Suðurtanga á Ísafirði haustið 2017 og veturinn 2017-2018 var áhersla lögð á að koma rekstri mælanna í gang og stilla snjóflóðagreiningar byggðar á gögnum úr þeim. Í heildina lofar verkefnið góðu og fram kom að kerfið gat greint meðalstór og lítil snjóflóð þegar ekki var mikill hávaði í vindi, en vindgnað og hávaði í veðri reyndist stundum trufla greiningarnar. Í skýrslunni er farið yfir rekstur og helstu mælingar þenna fyrsta vetur.

Sú skýrsla sem hér er birt, er áfangaskýrsla um verkefnið. Gert er ráð fyrir að safna meiri reynslu með kerfið veturinn 2018-2019 og gefa út ítarlegri skýrslu eftir það.